



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 18. júní 2026

MSS26040048

UMSÖGN

Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Viðreisnar um fjárhagslegt velferðarlíkan

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu borgarfulltrúa Viðreisnar sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar þann 21. apríl 2026 um fjárhagslegt velferðarlíkan. Tillögunni var vísað til meðhöndlunar í borgarráði og er svohljóðandi:

„Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að hefja vinnu við gerð fjárhagslegs reiknilíkans fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar („velferðarlíkanið Freyja“). Líkanið hafi það að markmiði að: Skilgreina með skýrum og gagnsæjum hætti forsendur fjárúthlutunar innan velferðarsviðs, styðja við markvissari fjármálastjórn og ákvarðanatöku, tryggja jafnræði í þjónustu óháð hverfum og notendahópum og gera kleift að meta áhrif breytinga á þjónustu og umfang með greiningum. Við gerð líkansins verði horft til þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram við þróun fjárhagslíkans í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.“

Fjármála- og áhættustýringarsvið fagnar því að óskað sé eftir því að fleiri svið og verkefni nýti sér úthlutunar- og rekstrarlíkön við undirbúning fjárhagsáætlunar og rekstur málaflokka. Skóla- og frístundasvið hefur í samvinnu við fjármála- og áhættustýringarsvið tekið til notkunar úthlutunarlíkönin „Snorra“ og „Eddu“ sem hagnýtt eru til úthlutunar á fjárheimildum til leik- og grunnskóla borgarinnar og stýringar í rekstri og þjónustu skólanna. Þá er fjármála- og áhættustýringarsvið í samvinnu við skóla- og frístundasvið að leggja lokadrög á úthlutunar- og rekstrarlíkan fyrir sérskóla borgarinnar, þ.e. skóla fyrir börn með miklar stuðningsþarfir. Reynsla af notkun á þessum líkönum er sú að borgin sé betur í stakk búin að meta raunkostnað við rekstur málaflokkanna, þau auka gagnsæi og nýtist við að taka ákvarðanir um þjónustustig og forgangs röðun með hliðsjón af skýrum forsendum um kostnað, mönnun og aðföng og á sama tíma stuðla að ábyrgri ráðstöfun fjármagns.

Það er stefna fjármála- og áhættustýringarsviðs að þróa og innleiða úthlutunar- og rekstrarlíkön fyrir undirbúning fjárhagsáætlunar og rekstur málaflokka fyrir alla stærri málaflokka borgarinnar. Er það mat sviðsins að slík líkön auki verulega gagnsæi í rekstri og bæti ákvarðanatöku. Á það við um rekstur á öllum sviðum borgarinnar.



Reykjavík



Rekstur velferðarsviðs er umfangsmikill og starfsemin flókin. Málaflokkurinn fer með um 28% af útgjöldum borgarinnar og er málaflokkurinn næstur skóla- og frístundasviði að stærð. Þjónustuþættir í rekstri sviðsins eru margir og flækjustigið mikið, þótt umfang þeirra sé afar misjafnt. Í ljósi þess má gera ráð fyrir að nauðsynlegt verði að þróa fleiri en eitt líkan til að ná utanum þjónustu sviðsins. Mikilvægt er við upphaf verkefnisins að kortleggja þarfir sviðsins með stjórnendum og taka ákvarðanir um þau líkön sem nauðsynleg eru fyrir rekstur þess. Í því felst að afmarka með skýrum hætti þjónustu og rekstur sem fellur undir hvert líkan og gera áætlun um þróun þeirra og innleiðingu.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík